

Ed.

383. Frumvarp

til laga um hjónavígslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Rjett er að veraldlegir valdsmenn gefi hjón saman, og hefir slikt hjónaband fulla löghelgi.

2. gr.

Hjónaefni þau, er ganga vilja í borgaralegt hjónaband, riti bæjarfógeta eða sýslumanni í því lögsagnarumdæmi, er þau vilja láta gefa sig saman í, beiðni um, að hann gefi þau í hjónaband.

3. gr.

Nú er sýslumaður eða bæjarfógeti beiðinn um að gefa hjón saman, og skal hann láta hreppstjóra birta það með uppfestri auglýsingu á þingstað hrepps þess, þar sem brúðurin er til heimilis, 3 vikum áður en hjón eru saman gefin, nema undanþága sje fengin að lögum. Í kaupstöðum fer um þessa birtingu sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. Birtingin verður ógild, ef hjónaefni eru eigi saman gefin hinar næstu 12 vikur. Vilji nokkur hefja lög-bann gegn hjónabandinu, skal segja til þess valdsmanni í lögsagnarumdæmi, þar sem brúður á heima.

4. gr.

Áður en valdsmaður gefur hjón saman, skal hann fullvissa sig um, að birting samkvæmt 3. gr. hafi farið fram eða undanþága fengin, og að eigi hafi lög-bann verið lagt við hjónabandinu. Um meinbugi skal valdsmaður gæta alls hins sama, sem prestum þeim, er lögfulla hjónavígslu geta veitt, ber að gæta að lögum. Skírn, ferming og altarisganga sjeu eigi hjúskaparskilyrði, hvort sem veraldlegur valdsmaður eða prestur gefur hjón saman.

5. gr.

Hjónaefni skulu koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður. Skal valdsmaður þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, því næst tekur hann á móti játningu þeirra um, að þau vilji hjón verða, og lýsir loks yfir því, að þau sjeu gefin saman í lögmætt hjónaband. Um athöfn þessa fer að öðru leyti eftir settum reglum um það, hvernig veraldlegir valdsmenn skuli gefa saman hjón, eftir því sem hún getur átt við, og skal athöfnin fram fara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkvaddra volta. Bæjarfógeti eða sýslumaður skal rita í bók, sem til þess er ætluð, alt það, er nokkru má varða að því er til hjónabandsins kemur, og fái hjónin eftirrit þess, staðfest með nafni og embættisinnsgli, til sannindamerkis um, að þau sjeu að lögum hjón orðin. Svo skal og valdsmaður, áður vika er liðin, senda annað

eftirrit presti sóknar þeirrar, er brúðurin átti heima í, þá er hún giftist, og ritar hann þá skýrslu um hjónabandið í gerðabók prestakallsins.

6. gr.

Fyrir uppfestingu birtingar samkvæmt 3. gr. og vottorð um hana greiðist 1 króna. Þurfi hreppstjóri að takast sjerstaka ferð á hendur í því skyni, skal hann fá goldinn ferðakostnað samkvæmt lögum um aukatekjur hreppstjóra. Fyrir gerð þá, sem 5. gr. tilskilur, og fyrir eftirrit af gerðabókinni skal gjalda valdsmanni 8 kr., er renni í landssjóð. Nú þarf valdsmaður að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman, og skal þá greiða honum dagpeninga og farar-eyri, slíkan sem gildandi ákvæði um aukatekjur sýslumanna tilskilja.

7. gr.

Rjett er og, að þjóðkirkjuprestur, eða löggiltur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, gefi hjón saman, en gæta skulu þeir ákvæða laga um kirkjulega vígslu. Ávalt skal prestur eða löggiltur forstöðumaður senda sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann sjálfur, sem vígir.

Eigi ber sóknarpresti nein greiðsla fyrir samgjöf hjóna, sem annar embættismaður en hann hefir int af hendi.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur fyrsti kafli laga nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn, 1.—9. gr., að þeim báðum meðtöldum. Enn fremur 3. gr. 2. liður og 13. gr. í tilsk. 30. apr. 1824, um embætti prestanna að því er snertir hjónabönd, svo og önnur ákvæði í lögum, er í bága koma við þessi lög.